

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. janúar 2009.

Efni: Frumvarp til laga um sjúkraskrár Þskj. 205 — 170. mál.


Í umsögn Hjúkrunarráðs Landspítala, dags. 6. janúar sl., féllu niður athugasemdir vegna 17. gr. frumvarpsins. Er beðist velvirðingar á þessu. Athugasemdirnar eru svohljóðandi:

**17. gr. Aðgangur að sjúkraskrár vegna gæðapróunar eða gæðæftirlits**

Ákvæðið er mjög víðtækt sérstaklega þegar litið er til þess að því er ætlað að stuðla að gæðapróun og gæðæftirliti. Í raun má líta á allar rannsóknir og athuganir sem hluta af gæðapróun og gæðæftirliti. Lagt er til að settir verði varnaglar í ákvæðið sem skylda umsjónaraðila að takmarka aðgang sem hann veitir að sjúkraskrár við þær sjúkraskrár sem nauðsynlegt er að veita aðgang að í þágu tiltekins verkefnis og aðganginum sett tímamörk. Slíkum varnögllum væri ætlað að tryggja aukna persónuvernd. Lagt er til að 17. gr. verði svohljóðandi:

„Umsjónaraðila sjúkraskráa er heimilt að veita heilbrigðisstarfsmönnum og öðrum starfsmönnum og nemum í starfsnámi í heilbrigðisvísindum, sem undirgengist hafa sambærilega trúnaðar- og þagnarskyldu og heilbrigðisstarfsmenn, aðgang að tilteknum sjúkraskrár vegna gæðapróunar og gæðæftirlits með heilbrigðisþjónustu og meðferð innan viðkomandi heilbrigðisstofnunar eða starfsstofu heilbrigðisstarfsmanna. Skal umsjónaraðili skilgreina hvaða sjúkraskrár viðkomandi hefur aðgang að og aðganginum sett tímamörk.“

Virðingarfyllt  
f.h. hjúkrunarráðs Landspítala



Bylgja Kærnested, hjúkrunarfræðingur,  
formaður hjúkrunarráðs Landspítala.